	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18/9 2014
Málsnr:	1409/2014
Bréfal:	310

## Bandalag Kvenna Hafnarfirði

Hafnarfirði 17 sept 2014

Til: Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar,  
og bæjarráð Hafnarfjarðar.

Frá: Bandalagi Kvenna Hafnarfirði, Mæðrastyrksnefnd og Öldungaráði. Hafnarfjarðar  
Efni: Húsnæðisaðstaða.  
Bandalag Kvenna Hafnarfirði, Mæðrastyrksnefnd og Öldungaráð Hafnarfjarðar óska eftir aðstöðu til vinnu- og fundarsetu ásamt hugsanlegri aðstöðu fyrir úthlutun Mæðrastyrksnefndar.




Ýmsar nefndir, ráð og félag eru á hrakhólum varðandi húsnæði. Við förum þess á leit við bæjaryfirvöld að þau útvegi okkur húsnæði þar sem hægt er að funda og vinna. Við teljum að það þurfi ekki stórt húsnæði og að við getum samnýtt húsnæðið til fundarsetu og annarra starfa sem tilfalla. Gott væri ef hægt væri að geyma gögn í læstum, öruggum hirslum.

Mæðrastyrksnefnd hefur áður verið úthlutað húsnæði á neðstu hæð í Dverg. Það húsnæði er óhentugt, mjög illa farið af raka og lélegri kyndingu og getur varla talist heilsusamlegt til viðveru og hefur því ekki nýst okkur mjög vel.

Bandalag Kvenna á einn fulltrúa í Öldungaráði og hefur það ráð einnig verið á hrakhólum þrátt fyrir að bænum beri að sjá ráðinu fyrir fundaraðstöðu. Öldungaráð hefur ekki fjáráð til að standa undir tilfallandi kostnaði eins og:

Vegna funda, en fundir Öldungaráðs eru mánaðarlega og hefur ekki fasta fundaraðstöðu. Við nýtum aðstöðu í okkar vinnu eða á eigin heimili við undirbúning og vinnslu gagna fyrir störf okkar.

Það er tillaga Bandalags Kvenna Hafnarfirði, Mæðrastyrksnefndar og Öldungaráðs Hafnarfjarðar að bæjarstjórn og bæjarráð skoði þessa ósk okkar.

 Unnun Birna Magnúsdóttir Formaðu Bandalags Kvenna Hfj.	 Njóra Elísadóttir Formaður. Mæðrastyrksnefndar Hfj.	 Elísabet Valgeirsdóttir Fulltrúi í Öldungaráði Hfj.
---	--	---



## **Bandalag Kvenna Hafnarfirði**

Bandalag kvenna í Hafnarfirði var stofnað í Skiphól í Hafnarfirði þann 11. Október 1972 og var fyrsti formaður Sigurveig Guðmundsdóttir.

Í dag samanstendur Bandalagið af 8 kvennfélögum. Innan Bandalagsins starfar mæðrastyrksnefnd, orlofsnefnd og ræktunarnefnd. Bandalagið á fulltrúa í Öldrunarsamtökunum Höfn Öldungaráði Hafnarfjarðar og Hollvinasamtökum Sólvangs.

Aðildarfélög Bandalags kvenna í Hafnarfirði eru:

**Kvenfélag Fríkirkjunnar**

**Kvenfélag Hafnarfjarðarkirkju**

**Systrafélag Viðistaðasóknar**

**Kvenfélagið Hrund – félag iðnaðarmanna**

**Slysavarnadeildin Hraunprýði**

**Harpa félag Framsóknarkvenna**

**Vorboðinn félag Sjálfstæðiskvenna**

**Kvenfélagið Hringurinn félagið sett í hvíld haustið 2013.**